



Katrín Oddsdóttir

Reykjavík 4. nóvember 2021
2110164
0.34.1

1.

Vísað er til fyrri samskipta í tengslum við aðgang að gögnum undirbúningsnefndar fyrir rannsókn kjörbréfa. Með tölvubréfi frá 27. nóvember sl. óskaðir þú aðgangs að öllum gögnum með vísan til þess að þau væru ekki öll aðgengileg á þeirri gagnagátt sem nefndin hefur komið sér upp á vef Alþingis. Þá kemur fram ósk um að þau verði afhent með stafrænum hætti og eigi það við um gögn á hvaða formi sem þau eru, þ.m.t. upptökur frá fundum og þess háttar. Með tölvubréfi frá 28. október sl. óskaðir þú fyrir þína hönd og þeirra sem sóttu fund nefndarinnar kl. 10:30 mánudaginn 25. október að upptaka af fundi ykkar með nefndinni yrði gerð opinber á vefsþæði nefndarinnar. Sama ósk kom fram um aðra fundi nefndarinnar svo kærendum gefist kostur á að fylgjast með framvindu málsins og eftir atvikum grípa til andmælaréttar vegna kæra.

2.

Undirbúningsnefnd fyrir rannsókn kjörbréfa er sérstök nefnd skipuð þingmönnum sem starfar á grundvelli 3. mgr. 1. gr. laga um þingsköp Alþingis, nr. 55/1991. Um störf hennar gilda ákvæði þingskapa og starfsreglur fastanefnda Alþingis, eftir því sem við getur átt og lög heimila, sbr. ákvörðun nefndarinnar á 2. fundi hennar frá 6. október 2021, sem og verklagsreglur nefndarinnar sem hún samþykkti á 3. fundi hennar frá 8. október og forseti staðfesti 12. október 2021. Viðfangsefni nefndarinnar er að undirbúa þá rannsókn kjörbréfa sem fram fer á þingsetningarfundi og er því liður í störfum þingsins. Um aðgang að gögnum nefndarinnar fer eftir því sem nánar er ákveðið í þingsköpum og verklagsreglum nefndarinnar.

Af fyrirmælum 1. mgr. 2. gr. verklagsreglna nefndarinnar leiðir að nefndin aflar þeirra gagna og upplýsinga sem nauðsynleg eru fyrir verkefni hennar. Þá kemur fram í 1. mgr. 3. gr. að málsmeðferð kosningakæra er hagað í samræmi við meginreglur stjórnsýslulaga nr. 37/1993, og almennar meginreglur stjórnsýsluréttar, eftir því sem við á. Af 4. mgr. 3. gr. verklagsreglnanna leiðir jafnframt að kæranda er gefinn kostur á að gera athugasemdir við gögn sem undirbúningsnefndin aflar á grundvelli 2. gr. sem áhrif geta haft á meðferð kærunnar. Í 2. mgr. 5. gr. kemur svo

fram að gögn undirbúningsnefndar séu að jafnaði birt opinberlega standi lög eða sérstök þagnarskylda því ekki í vegi.

3.

Samkvæmt beiðni þinni er óskað aðgangs að öllum gögnum undirbúningsnefndar fyrir rannsókn kjörbréfa. Öll gögn nefndarinnar eru birt á vef Alþingis utan tiltekinna gagna sem verður gerð nánari grein fyrir. Á eftirfarandi vefslóð má nálgast gögnin: <https://www.althingi.is/thingnefndir/adrar-nefndir/undirbuningsnefnd-fyrir-rannsokn-kjorbrefa/erindi-til-nefndarinnar/>.

Meðal gagna nefndarinnar er gögn sem vísað er til í bréfum löggreglustjórans á Vesturlandi frá 15. og 22. október sl., og birt eru á vef Alþingis. Þar er vísað til skýrslu um skoðun myndefnis úr eftirlitsmyndavélum og um ljósmyndir teknar af starfsfólki Hótels Borgarness. Af hálfu löggreglu eru þau gögn merkt sem trúnaðarmál og voru afhent nefndinni í trúnaði. Hvað varðar meðferð Alþingis á slíkum gögnum skal gæta 2. mgr. 51. gr. þingskapa Alþingis. Getur því ekki komið til þess að veittur verði aðgangur að þeim.

Þá hefur nefndin undir höndum tölvupóstsamskiptum kjörstjórnarfólks í Norðvesturkjördæmi um frágang fundargerðar 25. – 26. september sl. og eins kjörstjórnarmanns til landskjörstjórnar. Af því tilefni skal upplýst að undirbúningsnefndin hefur farið þess á leit að kjörstjórnarfólkinu verði kynnt sú fyrirætlan nefndarinnar að veita aðgang að þeim. Hefur kjörstjórnarfólkið ekki gert athugasemd við þessa ráðstöfun. Meðfylgjandi bréfi þessu eru umbeðin tölvupóstsamskipti.

Að undanskildum framangreindum gögnum liggar fyrir yfirlit yfir símtöl úr síma oddvita yfirkjörstjórnar Norðvesturkjördæmis frá kl. 07:03 til kl. 14:57. Samkvæmt upplýsingum símafyrirtækis sem síminn er skráður hjá eru ekki skráð símanúmer sem hringd eru í símanúmer oddvitans. Hefur oddvitinn ekki gert athugasemdir að veittur verði aðgangur að yfirlitinu, þar sem felld hafa verið brott símanúmer sem hringt er í. Í þessu ljósi fylgir umrætt símayfirlit hér með.


Loks hyggst nefndin láta birta á vef Alþingis upplýsingar um atvik sem átti sér stað á í I. kjördeild á Ísafirði og um samskipti yfirkjörstjórnar Norðvesturkjördæmis og yfirkjörstjórn Ísafjarðarkaupstaðar á kjördag 25. september sl. um það atvik, en gæta þarf að því að afmá persónugreinanlegar upplýsingar úr gagninu áður en það er birt á vef Alþingi

4.

Hvað varðar upptökur eða uppritun af fundum nefndarinnar með öllum gestum hennar vísast til þess að umræddir fundir með gestum voru lokaðir og uppritun þeirra gerð í þeim tilgangi að þingmenn geti kynnt sér gögn málsins og tekið ákvörðun þegar Alþingi fjallar um gildi kosninganna, sbr. 5. gr. verklagsreglna nefndarinnar. Var þetta verklag kynnt gestum fyrir fram. Í þessu ljósi hyggst nefndin ekki veita aðgang að uppritunum eða upptökum frá fundum með gestum. Þá verður einnig að líta til þess að löggreglustjórin á Vesturlandi hefur haft til meðferðar meint brot gegn lögum um kosningar til Alþingis á Hótel Borgarnesi 25.-26. september og

efni uppritanna getur skipt máli fyrir sakamálið, sbr. hér til hliðsjónar 17. gr. stjórnsýslulaga. Að því er varðar aðgang að uppritunum frá fundum sem nefndin hefur átt með þeim aðilum sem kært hafa niðurstöður kosninganna verður auk framangreindra sjónarmiða að vísa til þess að kærur þeirra hafa verið birtar á vef Alþingis.

Þrátt fyrir framangreint hyggst undirbúningsnefndin leggja til, með vísan til 3. gr. verklagsreglna nefndarinnar, að kærendum verði innan skamms gefinn kostur á að kynna sér lýsingu nefndarinnar á málsatvikum eins og þau liggja fyrir í fyrirliggjandi gögnum og hún hyggst byggja mat sitt á við tillögugerð sína. Munu kærendur þá fá tækifæri til að koma sjónarmiðum sínum og andmælum á framfæri.



Afrit:

Þorvaldur Gylfason (gylfason@hi.is).
Sigurður Hreinn Sigurðsson (hrellir@gmail.com).
Rúnar Björn Herrera Þorkelsson (runar@npa.is).

Fylgiskjöl:

1. Yfirlit yfir símtöl úr síma oddvita yfirkjörstjórnar Norðvesturkjördæmis.
2. Tölvupótsamskipti yfirkjörstjórnarfólks í Norðvesturkjördæmi (fjórir tölvupóstar, dags. 28. september 2021).
3. Tölvupóstur BRA til landskjörstjórnar 29. september 2021.

Ragna Árnadóttir

skrifstofustjóri Alþingis